

Mánudaginn 16. mars 1992.

Nr. 8/1991.

Íslandsbanki hf.

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Silfurlaxi hf.

(Guðmundur Jónsson hrl.)

og þrotabúi Lindalax hf.

Gjaldþrot. Kröfulýsingarfrestur. Áfrýjun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. janúar 1991. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og staðfest sú ákvörðun bústjóra í kröfulýsingarskrá í þrotabúi Lindalax hf., að krafa sín nr. 102 verði viðurkennd með 30.485.333 krónum, eins og þar er greint. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Silfurlaxi hf.

Stefndi Silfurlax hf. gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þrotabúi Lindalax hf. er ekki löglega stefnt í málinu, og ekki hefur verið sótt þing af þess hálfu í Hæstarétti. Ber því sjálfkrafa að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er það varðar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er frumrit kröfulýsingar áfrýjanda, sem barst skiptaráðandanum í Gullbringusýslu um myndsendi (telefax) 26. mars 1990. Á skjalinu kemur fram sendingartími þess frá myndsendi áfrýjanda, og viðfest er útskrift myndsendis skrifstofu skiptaráðanda um móttöku skjalsins kl. 17.02. Á skjalinu er einnig móttökustimpill með framangreindri dagsetningu.

I.

Með hinum áfrýjaða úrskurði skiptaréttar Gullbringusýslu 6. desember 1990 var kröfu áfrýjanda í þrotabúi Lindalax hf., samtals að fjárhæð 30.485.333 krónur, „hafnað alfarið“. Kröfu þessa

höfðu bústjórar til bráðabirgða í þrotabúinu samþykkt og sett hana á skrá um lýstar kröfur, dagsetta 18. apríl 1990. Á skiptafundi í búinu 26. sama mánaðar var afstöðu bústjóranna til kröfunnar mótmælt af hálfu eins kröfuhafa, stefnda Silfurlax hf. Var ákveðið í framhaldi af því að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreininginn.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 2. tl. b 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, þykir áfrýjun máls þessa heimil.

II.

Auglýsing með innköllun til kröfuhafa í þrotabú Lindalax hf. birtist hið fyrra sinni í Lögbirtingablaðinu 26. janúar 1990, en ekki 8. janúar 1990, eins og misritast hefur í hinum áfrýjaða úrskurði. Kröfulýsingarfrestur var tilgreindur tveir mánuðir frá fyrri birtingu innköllunar.

Sannað er í málinu, að kröfulýsing áfrýjanda barst skrifstofu skiptaráðandans í Gullbringusýslu kl. 17.02 hinn 26. mars 1990. Miðað við það verður talið, að áfrýjandi hafi lýst kröfu sinni á fullnægjandi hátt innan tilskilins frests. Hvorki haggar það þeirri niðurstöðu, að kröfulýsingin barst um myndsendi, né að skrifstofa skiptaráðanda var ekki opin, þegar hún barst. Hinn áfrýjaði úrskurður verður því felldur úr gildi og staðfest sú ákvörðun bústjóra þrotabús Lindalax hf., að krafa áfrýjanda verði viðurkennd á skrá um lýstar kröfur.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Málinu er ex officio vísað frá Hæstarétti, að því er varðar stefnda þrotabú Lindalax hf.

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Staðfest er sú ákvörðun bústjóra þrotabús Lindalax hf. að viðurkenna kröfu áfrýjanda, Íslandsbanka hf., að fjárhæð 30.485.333 krónur, á skrá um lýstar kröfur í þrotabúið.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi Silfurlax hf. greiði áfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Ég er samþykktur I. kafla í atkvæði meiri hluta dómenda um heimild til áfrýjunar.

Ég tel, að lögbundnir frestir, sem gefa skal til kynna með opinberri auglýsingu samkvæmt lögum nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda og ætlað er að veita mönnum tiltekinn og tíma-bundinn rétt eða leggja á þá skyldu, byrji ekki að líða fyrr en frá og með næsta degi eftir útgáfudag þess eintaks Lögbirtingablaðs eða Stjórnartíðinda, er auglýsingin birtist í. Séu slíkir frestir tilteknir í mánuðum, ber að ákvarða hvern mánuð með fullri dagatölu 30 daga án tillits til dagsetninga.

Innköllunarfrestur í þrotabú Lindalax hf. var því að mínum dómi frá og með 27. janúar til og með 27. mars 1990, sbr. 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Sannað er, að kröfulýsing áfrýjanda barst skiptaráðandanum í Gullbringusýslu á myndsendi 26. mars 1990. Hún barst því samkvæmt framansögðu degi áður en kröfulýsingarfresti lauk. Ber því þegar af þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og staðfesta þá ákvörðun bústjóra þrotabús Lindalax hf., að krafa áfrýjanda nr. 102 í kröfulýsingarskrá þrotabúsins verði viðurkennd.

Úrskurður skiptaréttar Gullbringusýslu 6. desember 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 16. nóvember 1990. Sóknaraðili er Silfurlax hf. og varnaraðili Íslandsbanki hf. Með úrskurði skiptaréttar Gullbringusýslu, kveðnum upp 12. desember 1989, var bú Lindalax hf., kt. 630586-1279, tekið til gjaldþrotaskipta. Var gefin út innköllun til lánardrottna, og birtist hún í fyrra sinn í Lögbirtingablaðinu 8. janúar 1990. Þar var, eins og venja er, skorað á alla kröfuhafa að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðanda innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu. Varnaraðili í máli þessu, Íslandsbanki hf., lýsti kröfu, að upphæð 30.485.333 kr., sem almennri kröfu í búíð, og er hún númer 102 á kröfulýsingarskrá. Hún var send embættinu 26. mars 1990 á svonefndu „telefax-tæki“, sem á íslensku hefur verið nefnt myndsendir. Bústjórar til bráða-

birgða samþykktu kröfuna á kröfulýsingarskránni. Á skiptafundi 26. apríl 1990 mótmælti umbjóðandi Silfurlax hf. afstöðunni. Ákveðið var að reka um það sérstakt skiptaréttarmál.

II.

Sóknaraðili, Silfurlax hf., fer fram á, að kröfu þessari verði hafnað. Krafa varnaraðila, Íslandsbanka, er hins vegar, að staðfest verði afstaða bústjóra og krafan samþykkt. Sóknaraðili byggir á, að krafa þessi hafi ekki borist með lögformlegum hætti, og auk þess hafi innköllunarfrestur verið runninn út. Hann kveður umbjóðanda sinn hafa verulega hagsmuni af því, að kröfu þessari verði hafnað, bæði vegna þess, að þá fengi hann aukinn hlut í búinu, og einnig vegna þess, að þá myndi falla niður sjálfskuldarábyrgð hans vegna vanlýsingar Íslandsbanka. Þá segir hann, að kröfulýsing Íslandsbanka, sem lögð hafi verið til grundvallar af hálfu bústjóra, hafi verið myndsendisskeyti eða „telefax“, sem skv. móttökukvittun, er fylgir gögnum málsins, hafi hvorki verið sent af stað né borist fyrr en eftir lokun skrifstofu skiptaráðanda, þ.e. eftir kl. 15.30, og ekki fyrr en eftir að venjulegum starfsdegi var lokið, þ.e. eftir kl. 17.00. Ekki sé ljóst, hvort umrætt skeyti hafi borist til vitundar skiptaráðanda, fyrr en innköllunarfrestur var útrunninn. Hann segir, að það sé kröfuhafa nauðsynlegt að tryggja sér sönnun þess, að kröfulýsing berist innan tiltekins frests.

Umbjóðandi Silfurlax hf. heldur því einnig fram, að kröfulýsingu, sem sé þannig úr garði gerð og send með þeim hætti, sem raun varð á, og auk þess eftir að skrifstofutíma embættisins lýkur, verði að hafna.

III.

Varnaraðili heldur því fram, að frestinum hafi lokið kl. 24.00 26. mars 1990. Hann segir, að í raun sé nægjanlegt, að krafan berist skrifstofu skiptaráðanda fyrir kl. 24.00. Þá segir hann, að lýsa megi kröfu á hvern hátt sem er, einungis að hún sé nægilega glögg, svo að átta megi sig á efni hennar.

IV.

Það er óumdeild staðreynd í málinu, sem sóknaraðila og varnaraðila greinir ekki á um, að kröfulýsingin barst embættinu kl. 17.02 26.3. 1990. Hún barst á svonefndu „telefaxtæki“ eða myndsendi, en ekkert íslenskt orð yfir fyrirbrigðið hefur unnið sér sess í málinu. Sóknaraðili mótmælir, að slíkur háttur á kröfulýsingu fullnægi lagaskilyrðum.

Álit réttarins er, að kröfulýsing í slíku formi sé fullkomlega marktæk, enda er ljóst, hver sendir og hver fær. Þarna hefur ný tækni rutt sér braut, og sýnist eðlilegt að viðurkenna hana sem slíka, meðan aðrir hlutir í sendingunni eru með eðlilegum hætti.

Þá liggur fyrir að athuga, hvenær nákvæmlega kröfulýsingarfrestur rennur út. Í máli þessu er ekki deilt um, hvaða dag kröfulýsingarfrestur rennur út, heldur á hvaða tímamarki. Aðila greinir ekki á um, hvenær embættinu barst kröfulýsingin, það er kl. 17.02.

Það er álit réttarins, að taka verði til greina þá kröfu sóknaraðila, að kröfulýsingin hafi borist of seint. Skrifstofu embættis skiptaráðandans í Gullbringusýslu er lokað kl. 15.30 hvern virkan dag. Þá lýkur almennri afgreiðslu hjá embættinu. Þeir, sem koma eftir þann tíma, t.d. með kröfulýsingu, banka á lokaðar dyr. Þessi nýja tækni, að nota myndsendi, er til þægindaauka. Hún á ekki að lengja frestinn, heldur á sá, sem hefur slíkt tæki undir höndum, að geta sent það fyrir en sá, sem notar sér venjulega pósthjónustu eða kemur sjálfur. Þá má geta þess, að innköllunarfrestur er mjög rúmur, það er tveir mánuðir frá fyrri birtingu. Kröfulýsendur hafa tímann sín megin. Þeim má vera fullkomlega ljóst, að frestinum lýkur að þessum tveimur mánuðum liðnum, og enn fremur, að skrifstofutími opinberra stofnana er styttri en almennur vinnutími. Telji einhver kröfulýsandi, að kröfulýsingarfrestur sé lengri, er það á ábyrgð hans. Hann verður að hlíta þessum lokunartíma eins og hver annar.

Hæfilegt þykir, að Íslandsbanki hf. greiði Silfurlaxi hf. 220.000 kr., þ.m.t. söluskattur, í málskostnað.

Úrskurðinn kvað upp Þorsteinn Pétursson aðalfulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Íslandsbanka hf. númer 102 á kröfulýsingarskrá, að upphæð 30.485.333 kr., er með öllu hafnað. Íslandsbanki greiði Silfurlaxi hf. 220.000 kr. í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.